

S A M Þ Y K K T

67

13. maí

um forkaupsrétt Akureyrarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kaupsbúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Akureyrarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á lóðum dánarbús Ragnars Ólafssonar á Oddeyrartanga, norðan Gránufélagsgötu, vestur og norður á eignamörk Akureyrarbæjar og austur til sjávar, ásamt öllum sjávarréttindum.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

A U G L Ý S I N G

68

14. maí

er varðar innheimtu tekju- og eignarskatts árið 1941.

Eftir afgreiðslu hinna nýju skattalaga hefur ráðuneytið ákveðið, að ekki skuli innheimtur 12% gjaldauki á tekju- og eignaskatt álagðan á árinu 1941, en heimild til að innheimta þenna gjaldauka er í 4. gr. laga nr. 96 14. maí 1940, og var gefin út um það auglýsing 2. janúar þ. á. að ákveðið hefði verið að nota heimildina.

Jafnframt hefur verið ákveðið að ekki skuli innheimtur 10% viðauki við eignaskatt, samkv. heimild í 1. gr. laga nr. 74 7. maí 1940, en auglýsing var gefin út um notkun þessarar heimildar 2. janúar þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 14. maí 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

A U G L Ý S I N G

69

17. maí

um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921, um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.

1. mgr. 2. gr. samþykktar um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum frá 12. apríl 1921 orðist svo:

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 e. h. og þær eigi opnast fyrr en kl. 9 árdegis, þó með þeim undantekningum, að á tímabilinu frá 15. maí til 15. september skal þeim frá mánudegi til fimmtudags lokað eigi síðar en kl. 6 e. h.

69 Á föstudögum má á þessu tímabili hafa sölubúðirnar opnar til kl. 8 e. h., en loka skal þeim á laugardögum kl. 12 á hádegis.

Brauðsölubúðir skulu opnar alla virka daga frá kl. 9 f. h. til kl. 7 e. h. og á sunnudögum frá kl. 9 f. h. til kl. 3 e. h. og frá kl. 6 e. h. til kl. 7 e. h.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 39 1. júní 1938, um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. maí 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

70

28. apríl

REGLUGERÐ

um sölu á kolum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 36 12. júní 1939 er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Kolaverzlanir mega eigi selja meira magn af kolum til húsa (hitunar eða matgerðar) en sem svarar til mánaðarnotkunar, og eigi til annarra en þeirra, er venjulega skipta við þá. Hafi kolaverzlunin engin kol handa viðskiptamönnum sínum, en önnur kolaverzlun er á staðnum, gefur sú fyrrnefnda viðskiptamanni sínum vottorð um, að hann sé venjulegur viðskiptamaður hennar og tilgreinir mánaðarnotkun hans. Er öðrum kolaverzlunum heimilt að afgreiða kol gegn afhendingu þessa vottorðs.

2. gr.

Einstaklingum og stofnunum er bannað að kaupa kol nema fyrri birgðir séu þrotnar, og þá eigi meir en svo, að birgðir séu til eins mánaðar.

3. gr.

Á öllum þeim stöðum, sem verzlað er með kol, skal hlutaðeigandi dómari tilnefna einn mann til þess að vera eftirlitsmaður með kolaverzlun á staðnum. Hann skal og fylgjast með hvers konar ráðstöfun á kolabirgðum, þó þær séu ekki í höndum verzlana, og vera verðlagsnefnd til aðstoðar, þannig að afskipti hennar af verðlagi þessarar vöru geti náð sem bezt tilgangi sínum. Kolaeftirlitsmaður getur bannað, að kol séu flutt burtu af því verzlunarsvæði, sem þau eru á. Kolaeftirlitsmaður skal gefa lögreglustjóra mánaðarlega skýrslu um allar kolabirgðir í hans umdæmi. Eftirlitsmaðurinn getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar t. d. þar sem staðhættir eru þannig, að erfitt er um aðdrætti mánaðarlega. Efirlitsmaður skal halda gerðabók, þar sem skráðar eru allar þær undanþágur, sem gefnar eru. Áfrýja má ákvörðunum hans til skömmtunarskrifstofu ríkisins.

4. gr.

Hreppsnefndum, bæjarstjórnnum og kolaeigendum er skylt að aðstoða eftirlitsmanninn, eftir því sem þörf gerist, um upplýsingar um kolaþörf, kolabirgðir o. s. frv. Skal kolaeftirlitsmanni heimill aðgangur að innkaupsreikningum, birgða- og viðskiptabókum kolaeigenda til þess að sannfæra sig um innkaup og ráðstöfun kola-birgða.